



Borgarráð

Endurgerð leik- og grunnskólalóða 2026

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja innkaupaferli vegna endurgerðar þriggja leik- og grunnskólalóða 2026.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í júlí 2026 og er gert ráð fyrir að framkvæmdum við leikskólalóðir ljúki í október 2026 og framkvæmdum við skólalóð í desember 2026.

Kostnaðaráætlun leikskólalóða er 100 m.kr.

Kostnaðaráætlun grunnskólalóðar er 50 m.kr.

Greinargerð:

Framkvæmdin felst í endurnýjun á yfirborði lóða, setja nýjar hellur, gras, gervigras og fallvarnarefni í staðinn. Einnig verða leiktæki endurnýjuð, snjóbræðsla og lýsing á svæðinu bætt. Lögð er áhersla á að gera leiksvæðin aðgengilegt fyrir öll.

Kostnaðarstaður: 1104

Kostnaðaráætlun: 50 m.kr.

Kostnaðarstaður: 1106

Kostnaðaráætlun: 100 m.kr.

Guðni Guðmundsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónusta

Hjálagt:

- Kynning



ENDURGERÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLALÓÐA 2026

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Skrifstofa Framkvæmda og fasteignaþjónustu
Deild gatna, lóða og opinna svæða





Lýsing á framkvæmd

Á árinu verða þrjár leik- og grunnskólalóðir endurgerðar. Endurgerð skólalóða felur í sér heildar endurskipulagningu lóða og endurnýjun frá grunni. Endurgerð lóða er oft skipt upp í fleiri en einn áfanga.

Leik- og grunnskólalóðir sem verða endurgerðar á þessu ári eru:

- Leikskólinn Jöklaborg í Breiðholti - 1. áfangi
- Leikskólinn Bjartahlíð/Hamraborg - 1. áfangi
- Austurbæjarskóli - 2. áfangi



Kostnaður og verktími

Áætlaður heildarkostnaður við endurgerð leikskólalóða er um 100 m.kr.

Áætlaður heildarkostnaður við endurgerð grunnskólalóðar er um 50 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í júlí og áætlað að þeim ljúki í október 2026 í leikskólunum og desember 2026 í 2.áfangi Austurbæjarskóla.





Reykjavík